

Fimmtudaginn 17. desember 1998.

Nr. 200/1998.

Guðbjörg Árnadóttir

(Helgi Jóhannesson hrl.)

gegn

Trésmiðju Steinars Árnasonar hf.

(Sigurður Jónsson hrl.)

Kaupsamningur. Aðild. Skuldskeyting.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramirnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar 13. maí 1998 og krefst sýknu af kröfum stefnda auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Ágreiningur málsaðila lýtur að samningi, sem var gerður í byggingarvöruverslun stefnda í febrúar 1996 um kaup á gólfefni í íbúðarhús áfrýjanda á Hellu. Deila aðilarnir um, fyrir hvern áfrýjandi hafi gert kaupin. Hún heldur því fram, að hún hafi þar komið fram fyrir hönd Borgarfells hf. á Egilsstöðum og gert kaupin í nafni þess félags með fullu samþykki stefnda, enda hafi hún haft umboð til að skuldbinda Borgarfell hf. fyrir þessum vörum. Stefndi heldur því hins vegar fram, að áfrýjandi hafi keypt vörurnar, samið um staðgreiðsluafslátt og beðið um, að þær yrðu sendar til sín á Hellu án þess að minnst á ósk sína um, að reikningi fyrir vörunum yrði beint að Borgarfelli hf., fyrir en eftir að þær höfðu verið sendar henni. Óumdeilt er, að 14. mars 1996 gaf stefndi út reikning fyrir vörunum á hendur Borgarfelli hf. eftir að hafa aflað staðfestingar forsvarsmanns félagsins á því, að það væri heimilt. Bar reikningurinn með sér, að hann væri vegna áfrýjanda. Reikningurinn var ekki greiddur, og var bú Borgarfells hf. tekið til gjaldþrotaskipta 13. desember 1996. 12. sama mánaðar gaf stefndi út nýjan reikning fyrir vörunum og í það sinn á hendur áfrýjanda. Hann krefur hana um greiðslu þess reiknings í málinu.

Ágreiningslaust er, að aðdragandi fyrrnefnds samnings var, að

áfrýjandi kom í verslun stefnda, skoðaði gólfefni í hús sitt, sem þá var í smíðum, og bað um kauptilboð frá stefnda. Einnig er ágreiningslaust, að stefndi sendi áfrýjanda tilboð í símbréfi á vinnustað hennar og að tilboðið hafi verið samþykkt munnlega. Gegn mót-mælum stefnda hefur áfrýjandi ekki sýnt fram á, að starfsmönnum hans hafi á þessu stigi verið kunn sú fyrirætlan hennar að vísa á Borgarfell hf. um greiðslu fyrir vörurnar, en sönnunarbyrði hvílir á áfrýjanda um, að annar en hún hafi verið eða átt að vera aðili að þessum samningi. Verður því að líta svo á, að samningur um kaupin hafi komist á milli stefnda og áfrýjanda sjálfra. Þótt stefndi hafi eftir það sent reikning fyrir vörunum til Borgarfells hf., hefur á engan hátt verið sýnt fram á, að með því hafi orðið skuldskeyting, en til þess hefði stefndi meðal annars þurft skýrlega að leysa áfrýjanda undan skuldinni. Verður því staðfest niðurstaða hins áfrýjaða dóms um greiðsluskyldu áfrýjanda.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Guðbjörg Árnadóttir, greiði stefnda, Trésmiðju Steinars Árnasonar hf., 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Suðurlands 5. mars 1998.

Mál þetta, sem höfðað var með stefnu, birtri 4. mars 1997 af Trésmiðju Steinars Árnasonar, kt. 701292-2009, Austurvegi 56, Selfossi, á hendur Guðbjörgu Árnadóttur, kt. 170369-5649, Arnarsandi 3, Hellu, var þingfest 12. 3. 1997 og dómtekið 8. janúar sl.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda skuld, að fjárhæð 390.116 kr., ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 390.116 kr. frá 18. 12. 1996 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi.

Af hálfu stefndu er krafist sýknu af kröfum stefnanda og stefnanda gert að greiða stefndu málskostnað samkvæmt málskostnaðarreikningi. Þá er krafist virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

Málavextir og málsástæður.

Stefnandi reisir kröfur sínar á fram lögðum reikningi, sem sagður er í stefnu vera nr. 4886 (á með réttu að vera nr. 49863), dagsettum 18. desember 1996, að fjárhæð 390.116 kr. Segir stefnandi reikninginn vera vegna kaupa stefndu á grenipanel, panelfestingum, parketti o. fl., eins og nánar sést í sundurliðun á reikningnum, í verslun stefnanda, og hafi reikningurinn ekki fengist greiddur.

Stefnandi styður kröfur sínar við meginreglur kröfuréttarins um efndir fjárskuldbindinga og vísar sérstaklega til 5., 6. og 28. gr. laga nr. 39/1922 í því sambandi. Um gjalddaga kröfunnar vísar stefnandi til meginreglu 12. gr. sömu laga. Kröfu um dráttarvexti, þ. m. t. vaxtavexti, styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum. Kröfu sína um málskostnað styður stefnandi við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Stefnda hefur andmælt kröfunni og telur sig einungis hafa komið fram í viðskiptunum við stefnanda sem umboðsmaður fyrirtækisins Borgarfells hf. Hafi hún samið við það fyrirtæki um kaup á einingahúsi og gert full skil á kaupverði þess og í umboði þess tekið út vörur hjá stefnanda til byggingarinnar. Hafi reikningarnir, sem hún kvittaði á, verið stílaðir á Borgarfell hf., en úttektirnar hafi farið fram í febrúar 1996, en ekki í desember 1996. Stefnda segir vörur þær, sem hún hafi tekið út í verslun stefnanda, vera hluta þeirra vara, sem Borgarfell hf. hafi átt að útvega, og hafi það orðið að samkomulagi milli hennar og Daníels Þorsteinssonar, framkvæmdastjóra Borgarfells hf., að stefnda tæki út umræddar vörur í verslun Steinars Árnasonar á Selfossi, eftir að stefnda hafði kynnt honum verðtilboð, sem hún hafði fengið frá versluninni í umræddar vörur. Hafi hún haft fullt umboð Borgarfells hf. til þess að taka út umræddar vörur í nafni þess og segir, að þeim starfsmanni stefnanda, sem annaðist viðskiptin fyrir hönd verslunarinnar, hafi verið gert það fyllilega ljóst strax í upphafi, að umræddar vörur væru teknar út á nafni Borgarfells hf. og fyrir reikning þess.

Kröfu sína um sýknu reisir stefnda einkum á aðildarskort, þannig, að samningssamband hafi stofnast milli stefnanda og Borgarfells hf., en hún hafi einungis komið fram í nafni Borgarfells hf. og eigi ekki aðild að því samningssambandi, og beri því að sýkna sig af kröfu stefnanda sökum aðildarskorts. Verði hún þess vegna ekki krafín um efndir þeirrar kröfu, sem stefnandi eigi á hendur Borgarfelli hf. Telur hún, að stefnandi hafi samþykkt, að Borgarfell hf. væri skuldari umræddrar skuldar, með því að krefja Borgarfell hf. um greiðslu hennar, sbr. reikning þann, sem gefinn er út af stefnanda á nafn Borgarfells hf. 14. mars 1996. Einnig byggir stefnda á því,

að greiðsluskylda Borgarfells hf. hafi verið forsenda kaupanna af sinni hálfu.

Tengdamóðir stefndu, Guðbjörg Kristín Kristinsdóttir, kom fyrir dóminn og sagði að vísu, að hún gæti ekki borið um samninga, sem gerðir hefðu verið um kaup á þessum vörum, en hún hefði farið í verslun stefnanda ásamt stefndu. Í framburði sínum fullyrðir hún engu að síður, að starfsmanni stefnanda hefði verið gert það ljóst þegar í upphafi, að vörurnar yrðu teknar út í nafni Borgarfells hf. og reikningur stílaður á það.

Í greinargerð segir, að þar sem stefnda hafi verið í góðri trú um, að þessi úttekt væri sér óviðkomandi, hefði hún gert upp viðskiptin við Borgarfell hf., en ella hefði sér verið mögulegt að halda eftir hinni umstefndu fjárhæð við uppgjör sitt við Borgarfell hf. Þá hefði stefnandi í upphafi beint kröfum sínum að Borgarfelli hf. og ekki krafið stefndu um greiðslu, fyrr en sýnt var, að hann fengi ekki greiðslu úr hendi þess fyrirtækis.

Við aðalmeðferð málsins sagði stefnda, að hún teldi sig hafa ofgreitt samkvæmt samningi sínum við Borgarfell hf. Hefði það komið fram í því, að þótt hún hefði ekki greitt Borgarfelli hf. alla samningsfjárhæðina, hefði hún þurft að leggja út verulegar fjárhæðir til kaupa á efni og vinnu, sem Borgarfelli hf. hefði borið að greiða samkvæmt samningnum.

Stefnandi hefur gert þá grein fyrir máli sínu, að stefnda hafi leitað til starfsmanns í verslun hans og óskað eftir tilboði í gólfefni o. fl., sem nánar er talið í reikningi þeim, sem stefnukrafan er reist á. Síðan hafi stefndu verið gert tilboð miðað við staðgreiðslu. Kveðst forsvarsmáður stefnanda hafa fallist á, þegar eftir því var leitað, að vörurnar yrðu sendar stefndu, þótt greiðslan hefði ekki verið innt af hendi.

Starfsmaður stefnanda, Magnús Vignir Árnason, sem afgreiddi stefndu og sendi henni tilboðið, gaf vitnaskýrslu við aðalmeðferð. Hann hefur lýst því, að stefnda hafi nokkrum sinnum komið í verslun stefnanda til að skoða gólfefni. Hann hafi síðan að ósk hennar sent henni á faxi tilboð um verð á gólfefnum. Faxið hafi verið sent stefndu á vinnustað hennar hjá Landgræðslunni, og hafi það verið samþykkt munnlega. Vitnið staðhæfði, að ekki hefði verið á það minnst, að Borgarfell hf. ætti að greiða vöruna, fyrr en eftir að varan hefði verið afhent stefndu við hús hennar að Arnarsandi 3, Hellu. Segir vitnið stefndu hafa tilkynnt sér þetta í samtali, sem það átti við hana í síma. Hafi það hringt til hennar umrætt sinn til að fá gefna upp kennitölu hennar í því skyni að stofna reikning á hennar nafni í bókhaldskerfi verslunarinnar. Sagði vitnið jafnframt, að ef því hefði verið ljóst á þeirri stundu, að Borgarfell hf. ætti að greiða fyrir umræddar vörur, hefði það ekki farið að hringja í stefndu, heldur sett sig í samband við það félag

beint. Kveðst vitnið eftir símtal sitt við stefndu hafa náð tali af forsvarsmanni Borgarfells hf. og hann samþykkt, að félaginu bæri að greiða fyrir umræddar vörur, sem Guðbjörg Árnadóttir tæki út í verslun stefnanda. Segist vitnið þá hafa bent honum á, að tilboð verslunarinnar væri miðað við staðgreiðslu, og hafi þá forsvarismaðurinn lofað greiðslu, um leið og reikningurinn bærst. Hafi þá reikningur verið útbúinn á nafn Borgarfells hf., og hefur hann verið lagður fram í málinu, dagsettur 14. 3. 1996. Vitnið segist ekki hafa haft frekari afskipti af þessu máli, heldur hafi framkvæmdastjóri stefnanda, Steinar Árnason, séð um að reyna að fá reikninginn greiddan.

Framkvæmdastjóri stefnanda, Steinar Árnason, kom einnig fyrir dóminn. Kveðst hann hafa reynt að innheimta reikninginn hjá Borgarfelli hf. að ósk stefndu og haft samband við Daníel Þorsteinsson, framkvæmdastjóra Borgarfells hf., þegar loforð hans um greiðslu reikningsins hafi verið vanefnt. Hafi hann síðan öðru hverju verið í sambandi við hann fram í desember 1996. Í þeim samtölum segir hann Daníel margoft hafa lofað sér, að reikningurinn yrði greiddur, en er hann hafi síðast haft samband við hann vegna skuldarinnar, hafi hann tjáð sér, að hann væri ekki tilbúinn að greiða skuldina, fyrr en hann hefði fengið fulluppgert skv. kaupsamningnum, sem Borgarfell hf. hefði gert við stefndu og Ómar Jónsson, mann hennar. Eftir þetta samtal segist Steinar hafa haft samband við stefndu til að skýra henni frá þessari afstöðu framkvæmdastjóra Borgarfells hf. Segir hann hana hafa neitað þessu og fullyrt, að miklu fremur ætti hún kröfu á Borgarfell hf. vegna vanefnda þess á samningnum. Eftir ítrekaðar tilraunir sínar til að innheimta umrædda skuld hjá Borgarfelli hf. án árangurs hafi hann bakfært reikninginn og útbúið nýjan á nafn Guðbjargar Árnadóttur, og sé mál þetta höfðað til innheimtu þess reiknings.

Niðurstæða.

Krafa stefnanda, Trésmiðju Steinars Árnasonar, á hendur stefndu, Guðbjörgu Árnadóttur, er vegna úttektar hennar á vörum í verslun stefnanda í febrúarmánuði árið 1996. Er um það deilt, hvort stefnda hafi gert þau viðskipti í eigin nafni eða einungis komið fram sem umboðsmaður Borgarfells hf., svo að umrædd viðskipti séu í nafni Borgarfells hf. og fyrir reikning þess.

Stefnda gerði ásamt eiginmanni sínum, Ómari Jónssyni, kaupsamning 28. ágúst 1995 við Borgarfell hf. um kaup á einingahúsi og bílskúr frá Kanada. Áttu þau að fá húsið afhent fullfrágengið að utan, en tilbúið undir tréverk að innan. Til vanefnda kom hins vegar af hálfu Borgarfells hf., og tóku þau því við húsinu í fokheldu ástandi í janúar 1996, þegar smiðir, sem unnið

höfðu hjá Borgarfelli hf., höfðu hætt störfum án þess að ljúka við húsið. Segir stefnda, er til vanefnda Borgarfells hf. hafi komið, að þau hafi sjálf tekið að sér að útvega efni og vinnuafli, svo að halda mætti áfram vinnu við húsbygginguna, og hafi framkvæmdastjóri Borgarfells hf. samþykkt að greiða fyrir það efni og þá vinnu, sem fyrirtækinu bæri að leggja til samkvæmt kaupsamningnum. Sagði stefnda það hafa gerst nokkurn veginn á sama tíma, að hún tók við húsinu og fékk tilboðið um gólfefnin o. fl. frá stefnanda.

Í ljósi framburðar stefndu hér fyrir dómi svo og framburðar Daníels Þorsteinssonar, sem var framkvæmdastjóri Borgarfells hf. á umræddum tíma, og með hliðsjón af þeirri yfirlýsingu, sem hann gaf, eftir að mál þetta var höfðað, og lögð hefur verið fram í málinu og staðfest fyrir dómi, er ljóst, að stefnda hafði umboð Borgarfells hf. til að skuldbinda fyrirtækið með vöruúttekt hjá stefnanda. Af þeirri meginreglu, sem fram kemur í þeim ákvæðum samningaréttarins, er fjalla um umboð, er ljóst, að ef sá, sem kemur fram við samningsgerð í nafni annars manns, ætlar að standa algerlega utan þess réttarsambands, verður hann að gefa viðsemjanda sínum það ótvírætt í skyn, að hann komi fram í nafni annars manns; annars er hætta á, að hann verði sjálfur bundinn við þá löggæringa, sem hann telur sig vera að gera í nafni umbjóðanda síns.

Eins og atvikum er háttað í máli þessu, verður stefnda að bera hallann af því, að eigi þykir nægilega sannað, að hún hafi gert þeim starfsmanni stefnanda, sem annaðist umrædd viðskipti, það ljóst með nægilega tryggum hætti, að þau væru gerð í nafni Borgarfells hf. og fyrir reikning þess. Stefnda hefur fullyrt hér fyrir dómi, að hún hafi gert umræddum starfsmanni þetta ljóst þegar í upphafi, og hefur tengdamóðir hennar, sem fór með henni að velja umræddar vörur, einnig borið fyrir dómi, að starfsmanninum hafi verið þetta ljóst. Hins vegar er ljóst, að tilboð það, sem starfsmaðurinn gaf út í nafni stefnanda, hefur verið stílað á nafn stefndu, og þykir það benda eindregið til þess, að það hafi verið skilningur starfsmannsins, að umrædd viðskipti færu fram í nafni stefndu, en ekki Borgarfells hf. Framburður starfsmannsins um, að óþarft hafi verið af sinni hálfu að óska eftir kennitölu stefndu, eftir að vörurnar voru sendar henni, ef honum hefði verið það ljóst, að Borgarfell hf. var í raun viðskiptavinurinn, en ekki stefnda, þykir einnig renna stoðum undir þá niðurstöðu.

Stefnda hefur einnig stutt sýknukröfu sína því, að stefnandi hafi ekki gert neinn fyrirvara um greiðsluskyldu hennar, og bendir á, að hefði slíkur fyrirvari verið gerður, hefði stefndu verið unnt að halda eftir af greiðslum sínum til Borgarfells hf. í því skyni að greiða kröfu stefnanda. Í málinu hefur

verið lagður fram kaupsamningur sá, sem gerður var um umrætt hús milli stefndu og Ómars Jónssonar annars vegar og Borgarfells hf. hins vegar, og jafnframt afrit af greiðslukvittunum til handa stefndu vegna þeirra greiðslna, sem hún hefur innt af hendi vegna kaupanna. Samkvæmt fram lögðum gögnum liggur fyrir, að stefnda hefur greitt Borgarfelli hf. 5.328.050 kr., en samkvæmt samningnum á dskj. 14 bar stefndu að greiða samtals 5.829.700 kr. Skortir því 501.650 kr. upp á, að stefnda hafi greitt Borgarfelli hf. alla samningsfjárhæðina. Stefnda hefur þannig haldið eftir liðlega 500.000 krónum af því fé, sem henni bar að greiða samkvæmt samningnum. Á móti kemur, að ætla má, að Borgarfell hf. hafi vanefnt skyldur sínar samkvæmt þessum sama samningi, en engin gögn hafa verið lögð fram í málinu um þær vanefndir. Fyrirtækið Borgarfell hf. var úrskurðað gjaldþrota í desembermánuði 1996, svo að til frekari efnda af þess hálfu kemur ekki. Fullnaðaruppgjör vegna kaupsamningsins hefur ekki farið fram, en stefnda hefur haldið eftir hluta greiðslna sinna vegna vanefnda Borgarfells hf. og getur því ekki byggt á því, að til sérstaks fyrirvara hafi þurft að koma frá stefnanda um hugsanlega greiðsluskyldu hennar vegna umræddrar vöruúttektar.

Þá verður ekki hjá því komist að líta til þess, að stefndu mátti vera ljóst, er hún stofnaði til vöruúttektarinnar hjá stefnanda í febrúar 1996, að Borgarfell hf. var illa statt fjárhagslega, enda hafði hún þá nokkru áður tekið við byggingu hússins og lagt til efni til verksins, áður en smiðir, sem unnið höfðu á vegum Borgarfells hf., hættu störfum. Er ljóst, að með vöruúttekt sinni á byggingarefnum þeim, er viðskiptin í máli þessu hafa snúist um, hefur stefnda aukið við verðmæti þess húss, sem hún var þarna að byggja.

Þegar allt þetta er virt, verður að telja, að samnings samband hafi stofnast milli stefnanda og stefndu, þegar umræddar vörur voru teknar út í verslun stefnanda í febrúarmánuði 1996, og að Borgarfell hf. sé ekki aðili þess samnings sambands, sem þá hafi stofnast. Tilraunir stefnanda til þess að innheimta skuldina hjá Borgarfelli hf. hafi verið gerðar fyrir beiðni stefndu, en án þess að skylda hennar til þess að greiða kröfuna hafi fallið niður. Henni hafi mátt vera það ljóst, að ef vörur þessar fengjust ekki greiddar hjá Borgarfelli hf., kæmi til hennar kasta að greiða þær.

Í máli þessu liggja frammi tveir reikningar. Er hinn fyrri, sem dagsettur er 14. 3. 1996, að fjárhæð 353.607 kr., en þá hefur verið dregin frá staðgreiðsluafsláttur, að fjárhæð 18.275 kr., svo að reikningsfjárhæð án afsláttarins nemur 371.882 kr. Reikningurinn, sem dagsettur var 18. 12. 1996, er að fjárhæð 390.116 kr. Lögmaður stefndu vék að þessum mun á reikningsfjárhæðunum og bar þá saman fjárhæðirnar 353.607 kr. og 390.116 kr. Án

Þess þó að gera frekari grein fyrir máli sínu gerði hann ráð fyrir, að munurinn væri vegna afsláttar, sem felldur hefði verið niður. Ljóst er, að svo er ekki, og af samanburði á einingarverði á þeim vörum, sem taldar eru á reikningunum, er greinilegt, að nokkur hækkun hefur orðið á ýmsum vörutegundum á milli reikninganna. Nemur hækkunin 18.234 kr., en þar sem stefnda hefur ekki hreyft mótmælum við þessari hækkun, verður fjárhæð reikningsins, sem dagsettur er 18. 12. 1996, lögð til grundvallar. Upphafsdegi vaxta hefur ekki verið mótmælt, og í ljósi þess, að upphaflegur reikningur var dagsettur 14. mars 1996, þykir mega miða við 18. 12. 1996 sem upphafsdeg vaxta.

Samkvæmt framansögðu ber því stefndu, Guðbjörgu Árnadóttur, að greiða stefnanda, Trésmiðju Steinars Árnasonar, 390.116 kr. ásamt dráttarvöxtum af þeirri fjárhæð frá 18. 12. 1996 til greiðsludags. Þá ber einnig að fallast á kröfu stefnanda um greiðslu málskostnaðar, og þykir hann hæfilega ákveðinn 85.000 krónur að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Kristján Torfason dómstjóri kvað upp dóm þennan. Dómsuppsaga hefur dregist, en fyrir liggur, að lögmenn málsaðila og dómari málsins eru sam-mála um, að ekki sé þörf á því að endurflytja málið.

D ó m s o r ð:

Stefnda, Guðbjörg Árnadóttir, kt. 170369-5649, greiði stefnanda, Trésmiðju Steinars Árnasonar, kt. 701292-2009, 390.116 krónur ásamt dráttarvöxtum af þeirri fjárhæð samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 18. desember 1996 til greiðsludags. Dráttarvexti skal leggja við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 18. desember 1997.

Stefnda greiði stefnanda 85.000 krónur í málskostnað, og er virðisaukaskattur innifalinn í málskostnaðarfjárhæð.